

VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐUR
40. stjórnarfundur haldinn á Höfn þann 15. desember 2010.

Mætt: Kristveig Sigurðardóttir, formaður, Rósa Björk Halldórsdóttir, varaformaður, Böðvar Pétursson, Björn Ármann Ólafsson, Hjalti Þór Vignisson, Elín Heiða Valsdóttir, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og Magnús Hallgrímsson.

Einnig: Þórður Ólafsson, framkvæmdastjóri.

Hjalti ritar fundargerð.

Kristveig bauð fundarmenn velkomna. Gengið til dagskrár kl. 9.40:

1. Samþykkt dagskrár

Ekki gerðar athugasemdir.

2. Rekstrarmál 2010

Þórður kynntir 11 mán. uppgjör sem er í samræmi við áætlun.

3. Frumvarp til fjárlaga 2011

Þórður fór yfir framlag til rekstrar þjóðgarðsins og framkvæmda. Til rekstrar verður 198 m.kr og hækkar um 29,8 m.kr. og til framkvæmda alls 149,8 en lækkar um 65 m.kr. Rekstrarframlagið dugir til að halda við þeirri starfsemi sem er í þjóðgarðinum í dag. Framkvæmdir hafa hins vegar lækkað um nærri 100 m.kr. frá árinu 2009 sem hægir mjög á uppbyggingu. Sértekjukrafa á þjóðgarðinn hefur vaxið á hverju ári. Þegar garðurinn var stofnaður voru kröfurnar 45,6 m.kr en verða 121,5 m.kr. á árinu 2011. Hingað til hefur þjóðgarðurinn staðið undir þessum kröfum. Þá gerði Þórður grein fyrir að frumvarp til laga um gjaldtöku af ferðamönnum hafi verið lagt fram. Samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi til fjárlaga er gert ráð fyrir að sjóðurinn fái alls 400 m.kr á hverju ári og gert ráð fyrir að 2/5 af þeim sjóði fari til uppbyggingu friðlýstra svæða og þjóðgarða. Í umræðu um sértekjur var rætt um mikilvægi þess að efla starfsemi þjóðgarðsins í innkaupum og sölu á varningi.

Gerð tillaga um að fá fund með ráðherra á næstu mánuðum til að fara yfir stöðu

Vatnajökulspjóðgarðs og framtíð hans. Í þessari umræðu var rætt um stefnu um uppbyggingu mannvirkja, stjórnfyrirkomulag og fleiri stór viðfangsefni í uppbyggingu garðsins. Þórði falið að óska eftir fundi.

4. Stjórnunar- og verndaráætlun

Kristveig gerði grein fyrir fundi með ráðherra um málið ásamt því sem rædd voru samgöngumál í þjóðgarðinum, kynningarmál og fleira. Lögð fram hugmynd um að fela einum af starfsmönnum garðsins að halda utan um samgöngumál í garðinum sem fælist þá í að móta stefnu um viðhald þeirra, mæla umferð um þá, móta stefnu í vegamálum í samvinnu við stofnanir og hagsmunasamtök, hafa eftirlit, setja upp merkingar og gera kort. Sá starfsmaður hefði það hlutverk að leita til allra aðila og stofnana er málið varðar s.s. Vegagerð og Landmælingar. Ingólfur ræddi um að mótbáru við stjórnunar- og verndaráætlun hafi fyrst og fremst komið frá karlmönnum.

Björn Ármann ræddi um greinaskrif um stefnu svæðisráðs varðandi skotveiðar á Austursvæði og ræddi grein sem birtist í Morgunblaðinu. Sagði hann að þeirri grein og sjónarmiðum sem þar birtust verði svarað af svæðisráðinu á næstunni.

Magnús lagði áherslu á að sett verði af stað vinna til að koma akstri á hálendinu í gott horf. Of margar nefndir hafi verið skipaðar sem ekki hafi leitt til neinnar niðurstöðu eða betri umgengni á hálendinu.

Rósa lagði áherslu á að fundað verði með þeim hópum sem gagnrýnt hafa verndaráætluna hvað mest og þeir fundir verði haldnir sem fyrst.

Hjalti sagði stjórnkerfi garðsins fæli í sér mikla samvinnu. Bæði í svæðisráðum og stjórn eigi fulltrúar sveitarfélaga, útivistarsamtaka og náttúruverndarsamtaka fulltrúa.

Elín gerði grein fyrir umræðum um samgöngumál í svæðisráði Vestursvæðis. Lagði hún til að samgöngumál yrðu sett í einn farveg þannig að hvert svæði væri ekki að vinna hvert í sínu lagi. Lagði hún jafnframt til að framkvæmdastjóra og þjóðgarðsvörðum yrði falið að móta tillögu um verkefnið.

Magnús sagði að staðreyndir styddu ekki sumar fullyrðingar í umræðu um þjóðgarðinn. Sagði hann til dæmis að fjölmargar aksturleiðir væru að jöklinum og vegakerfi innan þjóðgarðs væri með því mesta sem hann þekkti hvað varðar þjóðgarða.

Kristveig sagði að í undirbúningi væri kynning á verndar- og stjórnunaráætlun þjóðgarðsins.

5. Fundur með Svæðisráði Suðursvæðis

Fundur hófst með svæðisráði kl. 11.30. Mætt voru Sigurlaug Gissurardóttir og Björn Ingi Jónsson. Einnig Regína Hreinsdóttir þjóðgarðsvörður.

Kristveig bauð svæðisráð og þjóðgarðsvörð velkominn.

Hjalti ræddi um áherslur svæðisráðs um atvinnumál og aðgerðir á suðursvæði.

Regína sagði frá umræðu um nauðsyn á virku samráði við fyrirtæki sem starfa innan garðsins og við heildarsamtök ferðaþjónustunnar. Ábátinn af slíku samráði og samvinnu yrði gagnkvæmur. Sigurlaug sagði ferðaþjónustu í Ríki Vatnajökuls hafa átt í farsælu samstarfi við þjóðgarðinn í gegnum tíðina. Jákvæð afstaða ferðaþjónustuaðila til garðsins væru til kominn vegna góðra samskipta.

Regína gerði grein fyrir því helsta í starfsemi þjóðgarðsins, greindi frá því að um 170 þúsund gestir komi í þjónustumiðstöðina ár hvert, mikil ánægja væri með að hún væri opinn allt árið og ferðaþjónustuaðilar hefðu orð á að þetta skipti þá miklu máli.

6. Fundur með landeigendum á Suðursvæði og Svæðisráði Suðursvæðis

Fundur með landeigendum hófst þann 12.00. Mætt voru Guðrún og Magnús Guðjónsson í Hólmi, Þóra Vilborg Jónsdóttir frá Skálafelli og Þrúðmar Þrúðmarsson í Hoffelli.

Kristveig bauð landeigendur velkomna.

Regína sagði frá samskiptum við landeigendur og hversu mikilvægt hefði verið að ná samningum við þá. Það hefði gert það að verkum að svæðið „skrapp saman“ og auðveldara hefði verið að miðla upplýsingum um svæði garðsins.

Guðrún og Magnús lýstu ánægju með samskiptin og lögðu áherslu á að auka fræðslu og kynningu á þjóðgarðinum. Fólk væri mikið að sækja til Skaftafells til að geta heimsótt þjóðgarðinn og gerði sér ekki grein fyrir að hann væri víðar sunnan Vatnajökuls.

Þrúðmar tók undir þessi orð. Hrósaði starfsmönnum þjóðgarðsins fyrir góð samskipti. Sagði frá samstarfsverkefnum og taldi mikilvægt að bæta úr aðstöðu fyrir gesti garðsins.

Þóra sagði að í nokkur ár hafi myndast gott samstarf við þjóðgarðinn, ekki síst sjálfbóðaliða.

Tók undir orð annarra landeigenda en bætti við að björgunarmál og fornvarnir yrði að ræða.

Lagði áherslu á fleiri skilti og fræðslu á Heinabergssvæði.

Sigurlaug lagði áherslu á að þjóðgarðurinn myndi vinna kynningarefni sem nýst gæti öllum ferðapjónustuaðilum á nærsvæðinu. Vísaði í hugmynd sem hún kynntist á Írlandi. Hjalti spurði um hvaða verkefni það væri sem landeigendur vildu setja í forgang. Allir landeigendur lögðu áherslu á fræðsluskilti, snyrtiaðstöðu og sorpmál. Í kjölfarið sköpuðust miklar umræður um hvernig best sé að standa að slíkri uppbyggingu. Ennfremur var rætt um hvaða þjónusta ætti að vera í boði á hverjum stað. Ekki væri hægt að bjóða upp á fullkomna þjónustu fyrir ferðamenn á öllum áningarstöðum. Þrúðmar lagði til að við uppbyggingu þjóðgarðsins yrði fjöldi ferðamanna á hvert svæði. Þá spurði hann um hvað landeigendur megi eiga í vændum frá stjórninni og vísaði í samninga við landeigendur, efnahagsástandið og þá þörf sem til staðar er að sinna þörfum gesta. Kristveig og Þórður sögðu frá fjárlagafrumvarpinu og hvaða fjármuni garðurinn hafi á næsta ári. Sögðu þau að leggja ætti áherslu á fræðslu- og upplýsingaskilti. Landeigendur og svæðisráð viku af fundi kl. 14.00

7. NEED-verkefnið

Þorvarður Árnason mætti á fundinn kl. 14.00 og kynnti starfsemi Háskólasetursins á Hornafirði og sérstaklega rannsóknir og verkefni þess í tengslum við Vatnajökulspjóðgarðs. Sagði hann að þjóðgarðurinn sé vannýtt auðildin í vísindalegum tilgangi en einnig sem drifkraftur byggðapróunar og nýsköpunar. Þá sagði Þorvarður frá NEED verkefninu sem er alþjóðleg verkefni um hvernig megi þróa nýjar og frumlegar aðferðir til að miðla þekkingu um umhverfi og náttúru friðlýstra svæða til nemenda á öllum skólastingum. Vatnajökulspjóðgarður er miðpunktur verkefnisins. Sagði hann m.a. frá samstarfi við grunnskóla og hvernig þeir hafi þróað námsefni og vettvangsferðir í þessum anda. Að endingu greindi Þorvarður frá niðurstöðu rannsókna sinna á fjölda ferðamanna til svæða þjóðgarðsins. Ræddi um mikilvægi þess að stórauka rannsóknir í ferðapjónustu á Íslandi. Sagði meðal annars að jákvæð þróun í fjölda gistinátta á nærsvæðum garðsins leiddi af sér spurningar um áhrif garðsins á komur ferðamanna og samstarf þjóðgarðs og ferðapjónustu.

Kristveig þakkaði Þorvarði fyrir og spurði um framhald verkefnisins.

Sagði Þorvarður að hann hugsaði málið þannig að Vatnajökulspjóðgarður fengi það hlutverk að vera miðstöð fræðslu um umhverfi og náttúru friðlýstra svæða og taka þyrfti málið upp við ríkisstjórnina.

Í framhaldi var rætt um farveg umsóknarinnar.

Þorvaður sagði að fyrirhuguð væri ráðstefna í mars og Vatnajökulspjóðgarði stæði til boða að vera aðili að henni.

Þorvarður Árnason vék af fundi kl. 15.00.

8. Kynning á starfsemi á Suðursvæði 2010

Regína Hreinsdóttir sagði frá fjölda starfsfólks, samstarfi við landeigenda og sagði frá starfi landvarðar á Höfn í upplýsingamiðstöð og Jöklasýningu. Þá sagði hún frá helstu framkvæmdum á suðursvæði og verkefni er miðaði að telja fjölda ferðamanna á Suðursvæðinu. Þá greindi hún ýmsum verkefnum á yfirstandi ári, s.s. vinnu við heimasíðu, stjórnunar- og verndaráætlun, viðburði og samskipti vegna rannsókna og kvikmyndatöku. Að endingu fór hún yfir þau verkefni sem unnið er að á vegum starfsmanna Suðursvæðis.

Regína vék af fundi kl. 16.00

9. Tillaga að breytingum á lögum og reglugerð þjóðgarðsins

Björn Ármann sagði frá fundi svæðisráðs austursvæðis, fundi með bæjarráði Fljótsdalshéraðs og samtali við oddvita Fljótsdalshrepps. Las upp bókun svæðisráðs um málið og tillögu um lausn á málinu.

Ingólfur sagðist vera á móti tillögu að breytingum.

Elín Heiða sagði að fundur hafi ekki átt sér stað í svæðisráði vestursvæðis en sagði umræðu á fundinum undirstrika umræðu frá síðasta fundi þar sem áhersla væri á að leiðrétta stöðu framkvæmdastjóra.

Hjalti las upp bókun af fundi svæðisráðs suðursvæðis og gerði grein fyrir umræðu í bæjarráði Hornafjarðar.

Böðvar Pétursson sagði frá afstöðu svæðisráðs norðursvæðis. Tók undir mikilvægi þess að leiðrétta kjör framkvæmdastjóra.

Málinu vísað til formanns.

10. Önnur mál

- Húsnæðismál fastráðinna starfsmanna

Þórður lagði fram hugmyndir um húsnæðismál dags. 13.12.2010.

- Bölti í Skaftafelli o.fl.

Lagt fram erindi frá Guðlaugu Jakobsdóttur dags. 13. apríl 2010. um ósk um viðræður annars vegar vegna hugmynd um stofnun safns og kaffihúss í Bólta í Skaftafell og hins vegar hugmynd um rekstur vistvæns gistiheimilis í Skaftafelli.

Rætt um eignarhald á byggingum, samkeppnissjónarmið og samninga við ábúendur og landeigendur í Skaftafelli.

Stjórn sammála um að ekki sé hægt að verða við ósk Guðlaugar.

Stjórn telur mikilvægt að mótaðar verði reglur um atvinnustarfsemi innan þjóðgarðsins og jafnframt að þjóðgarðurinn fái í sína vörslu afrit af öllum samningum á milli landeigenda og þjóðgarðs í gegnum tíðina.

- Fjármálastjóri

Rætt um nauðsyn þess að ráða fjármálastjóra fyrir starfsemi. Mikil umræða um höfuðstöðvar þjóðgarðsins sem endaði án niðurstöðu.

Ákveðið að næsti stjórnarfundur 19. janúar 2011 á Kirkjubæjarklaustri.

Fundi slitið kl. 16.50